



ECVET reflector

Framkvæmd og þróun námseiningakerfis fyrir fyrstu starfsmenntunina

Hvað er ECVET?

Hreyfanleiki launþega hefur mikla þýðingu ekki aðeins til að stuðla að efnahagslegum og félagslegum samruna heldur líka til að efla evrópsk skipti á reynslu og til að efla Evrópuvitund. Fyrsta starfsmenntunin gæti verið það tímabil ævinnar sem evrópskir launþegar safna reynslu í sambandi við hreyfanleika snemma á starfsferlinum. Raunverulega skiptir lærlingaskipti ennþá litlu máli milli landa innan Evrópu hvað fjöldann snerir.

Einmitt hér kemur til skjalanna evrópska námseiningakerfið fyrir starfsmenntunina (European Credit System for Vocational Education and Training – ECVET). Það miðar að því að efla hreyfanleika námsmanna í fyrstu starfsmenntuninni, með því að auðvelda námsmönnum viðurkenningu og yfirfærslu námsniðurstaða sem námsmennirnir öðluðust í útlöndum í heimalandi þeirra eða til heimalands þeirra. ECVET er kerfi sem styður

söfnun og yfirfærslu námseininga fyrir fyrstu starfsmenntunina. Það inniheldur bæði heimildarsöfnun á námsniðurstöðum (learning outcomes) sem fengnar eru í útlöndum (þ.e.a.s. þekking, hæfileikar og færni: knowledge, skills and competence – KSC) sem og form gagnkvæmra reglugerða milli innanlands- og evrópskra aðila sem bera ábyrgð á starfsmenntun ("Memorandum of Understanding" og námssamkomulag).

ECVET gæti líka haft jákvæð áhrif á aukinn hreyfanleika námsmanna innan starfsmenntunarkerfa í hverju landi með því að auka bæði lóðrétt og lárétt umskipti milli hluta þessara kerfa. Auk þess gæti ECVET líka, þar sem það tekur tillit til námsniðurstaða (learning outcomes) sem voru fengnar í óformlegu umhverfi (þar með talið að læra í vinnunni learning-on-the-job) auðveldað viðurkenningu þeirra, – svo framarlega sem lagasetning í hverju landi gerir ráð fyrir því. Á þennan hátt mun einnig námsfólk sem stendur fyrir utan starfsmenntunarkerfið hafa gagn af innleiðslu ECVET.

Rannsókn á notkunarskilyrðum ECVET

Í kringum lok ársins 2005 lét aðalstjórn DG fyrir menntun og menningu Evrópsku Framkvæmdastjórnarinnar gera tvær kannanir sem áttu að athuga framkvæmdaskilyrðin í evrópskum löndum fyrir þetta kerfi sem var í burðarliðunum.

- ECVET-CONNEXION-könnunin fjallar um málefni tengd fyrirkomulagi og framkvæmd ECVET frá sjónarhóli þeirra sem bjóða fram starfsmenntun. Stjórnun þessa skipulagða verkefnis var hjá franska félaginu Association Nationale pour l'Automobile (ANFA) og franska menntamála- og rannsóknaráðuneytinu Ministère de l'Éducation nationale, l'Enseignement supérieur et de la Recherche (MENESR).

- Tilgangur ECVET-reflector-könnunninnar var að rannsaka sambandið milli eiginleika ECVET samkvæmt uppástungu í ráðslagsskjali Evrópsku Framkvæmdastjórnarinnar og þeirra reglna sem voru til staðar og aðferða við mat, löggildingu og vottun sem og fyrir söfnun og yfirfærslu learning outcomes (námsniðurstaða) hvernig þær eru til staðar í starfsmenntunarkerfunum í hverju landi í Evrópu. Stjórnin var hjá rannsókarstofnun fyrir starfsmenntun (Forschungsinstitut Betriebliche Bildung f-bb) og hjá ríkisstofnun sambandslýðveldisins Þýskaland fyrir starfsmenntun (Bundesinstitut für Berufsbildung) (BIBB) í Þýskalandi.

- Þriðja könnunin fjallaði um hindranir í sambandi við hreyfanleika milli landa sem verða á vegi námsfólks og annars ungs fólks sem er í fyrstu starfsmenntun og mögulegar aðferðir til að yfirstíga þær (MoVE-IT).



Hagstætt andrúmsloft fyrir ECVET í Evrópu

Þegar þeir voru spurðir um álit sitt á ECVET, lýstu næstum því allir af hinum 156 sérfræðingum sem viðtal var tekið við í ramma reflector-könnunarinnar yfir stuðningi sínum við framkvæmd ECVET. Mikilvæg niðurstaða könnunarinnar er sú að þeir sem bera ábyrgð á evrópskum starfsmenntunarkerfum líta á ECVET frá tveimur sjónarhornum sem eru í samræmi við tvær raunhæfar leiðir – þar sem leið númer tvö hefur vinninginn:

Úr því að vera einfari í það að vera alþjóðasinni: ECVET-reflecter-flokkun

Í ECVET-reflecter-könnuninni þar sem mat og yfirfærsla eru í brennidepli er niðurstaðan sú að lítið er á hreyfanleika á grundvelli tveggja veigamikilla ferla:

1. Mat og athugun á námsniðurstöðum sem fengust á meðan á hreyfanleikatímabilinu stóð
Lykilspurning: Hver er tilgangurinn með "einingum"(units) í mats- og vottunarkerfinu? Er tekið eitthvað tillit til hluta af hæfnisvottun?

- Leið I – Framkvæmd af ECVET (án undantekninga) sem hlutlaust kerfi og stjórntæki yfirfærslu milli landa. Það hefur að markmiði að auka hreyfanleika á því tímabili þegar fyrsta starfsmenntunin fer fram.

- Leið II – Framkvæmd af ECVET, meðal annars til að yta á eftir umbótum í eigin landi í sambandi við meira lárétt og lóðrétt umskipti og meiri sveigjanleika hjá hæfnisvottunarkerfum innanlands í hverju landi.

2. Yfirfærsla þess sem lært var inn í starfsmenntunar- og hæfnisvottunarkerfi heimalanda þeirra.

Lykilspurning: Er nú þegar til yfirfærsla á alþjóðlega vísu eða innanlands?

Einblíning á ferli leyfir að bera kennsl á samsvaranir sem innihalda eitthvað svipað og ECVET innan hæfnisvottunarkerfanna. Við getum fundið þannig samsvaranir sem innihalda eitthvað svipað í öðrum löndum þ.e.a.s. í löndum þar sem engin aðferð hefur þróast á yfirfærslu á hluta hæfnisvottunar, en í vissum tilfellum eru aðferðir notaðar til að yfirfæra námsniðurstöður milli þeirra sem bjóða fram starfsþjálfun innanlands.

Ef gengið er út frá tveim stærðargráðum "mati" og "yfirfærslu" er hægt að bera kennsl á þrjár gerðir hæfnisvottunarkerfa:

| Tegundir hæfnisvottunarkerfa | Eiginleikar | Dreifing | Hlutfall „ECVET-fúsleika“ |
|----------------------------------|--|----------|---------------------------|
| Eininga-meðvitaðir alþjóðasinnar | Það er til mat á einstaka einingum og yfirfærsla milli landa er möguleg á hluta af hæfnisvottun. | 8 | hár ↕ lágur |
| Heildarkerfis-alþjóðasinnar | Þjálfunaráætlanirnar eru miðaðar við lokapróf; hluti af hæfnisvottuninum skipta samt máli í sambandi við yfirfærslu milli landa. | 7 | |
| Heildarkerfis-einifarar | Þjálfunaráætlanirnar eru miðaðar við lokapróf. Lagalegar og stofnanalegar forsendur fyrir yfirfærslu hluta af hæfnisvottuninum vantar. | 15 | |
| Samtals (lönd) | | 30 | |

Tegund heildarkerfis-einifarans og eininga-meðvitaða alþjóðasinnans eru ófgakenndar tegundir og á milli þeirra er mikill munur á möguleikum – þessar tegundir fyrirfinnast ekki "einangraðar".

Meðmæli

Þar sem ECVET-reflector-verkefnið hafði fyrst og fremst hagnýtt markmið fyrir sjónum, var síðasta skrefið fólgið í því að semja hag-

nýt meðmæli í sambandi við framkvæmd á ECVET í mismunandi tegundum af löndum: Hvar er hægt að ná fram starfsmögnun með þróunarkraftinum innanlands? Hvers konar hjálp og stuðning væri hægt að bjóða upp á ef lítið er á mismunandi stöðu þeirra aðila sem bera ábyrgð í þessum málaflokki? Og svo framv. Eftirfarandi tafla gefur gróft yfirlit.

| | Heildarkerfis-einifarar | Heildarkerfis-alþjóðasinnar | Eininga-meðvitaðir alþjóðasinnar |
|--|---|--|--|
| Hlutleysi stjórnækis | Nánari útskýring á „millilanda“-hlutverki ECVET aðild og þátttaka þeirra sem bera ábyrgð í þessum málaflokki og hafa áhyggjur af því að (gæða-) stöðlum t.d. innanlands sé ógnað vegna aukins hreyfanleika hvað menntun snertir | | |
| Stuðningur við starfs-menntunar-endurbætur | Notkun ECVET til að mynda meiri sveigjanleika og umskipti Innanlands Að nota ECVET til að framsetningar á námsárangri sem tekur meira mið af hæfni | | Notkun ECVET á fram-setningu á námsárangri sem tekur meira mið af hæfni |
| Skipulag náms-eininga-kerfis | Að bera kennsl á samsvaranir sem innihalda eithvað svipað og ECVET í menntunarframkvæmd innanlands | | |
| | | Útskýring á sambandi ECVET við stjórnækis sem eru til staðar og aðferðum | |
| Ramma-skilyrði fyrir stofnanir | Lagaleg reglugerð um jafngildi námsáfanga í útlöndum | Ef nauðsynlegt er aðlögun að ákvæðum sem eru fyrir hendi og koma reglum yfir jafngildi námsáfanga í útlöndum | |
| | Skapa forsendur fyrir að framkvæma hreyfileikaáform og athugun og mat á námsniðurstöðum í samhengi við ECVET (t. d. með sveigjanlegri reglugerð um ábyrgð eða lausnir sem afnema miðstjórnarvald); sjá um að nauðsynlegir fjármunir séu fyrir hendi | | Ábyrgð á verkefnum í sambandi við ECVET hjá stofnunum sem nú þegar hafa samsvarandi verkefni; sjá um að nauðsynlegir fjármunir séu fyrir hendi |

Mismunandi meðmæli geta líka talist til ofangreindra leiða , t.d. ...

Leið I: Millilanda tilfærsla í fyrirrúmi

1. Áhersla lögð á hlutverk ECVET, þ.e.a.s. að varpa ljósi á þá staðreynd , að það þarf engar breytingar á starfsmenntunaráæt-

lunum í sambandi við einingar til þess að bera kennsl á ECVET-“einingar”

2. Taka tillit til allra veigamikilla aðila sem bera ábyrgð í þessum málaflokki innanlands, t. d. innan ramma þrískiptar “ECVET-framkvæmdastjórnar”
3. Vinna traust með því að láta gæðatryggjandi ráðstafanir fylgja



Leið II: Millilanda-yfirfærsla + starfsmenntunarbætur

1. Að setja námseiningar í samhengi við hæfnisvottun
2. Veita námseiningar fyrir hluta af hæfnisvottun
3. Afnema miðstjórn starfsmenntakerfa með því að styrkja hlutverk þeirra sem bjóða fram starfsmenntun við það að veita hæfnisvottun
4. Stuðningur við afstöðu til learning outcomes (námsniðurstæða) hjá hæfnisvottunar- og starfsmenntunarkerfum
5. Þróun á aðferðum sem taka mið af outcome (árangri) við athugun og veitingu hæfnisvottanna
6. Að búa til grunn fyrir söfnun/yfirfærslu á learning outcomes (námsniðurstöðum) í formi eininga

Fleiri upplýsingar er hægt að finna hér:

ECVET
http://ec.europa.eu/education/ecvt/index_en.html

7. Að nota möguleika ECVET til að auka umskiptin og hleypa nýjungum í gegn
8. Að sníða námsleiðir að þörfum einstaklingsins
9. Að nota ECVET til að auðvelda löggildingu og viðurkenningu á námi sem fer fram í óformlegu samhengi

Þessi flokkur af meðmælum á að líta á sem háð markmiðum aðila sem bera ábyrgð á þessum málum innanlands.

Aðalboðskapur ECVET-reflector-könnunarinnar er að ECVET ætti að vera eins einföld og hægt er bæði hvað varðar rekstrarálag og einnig hvað notandavæni snertir og að ECVET verði veitt réttarstaða stórtækis sem svo þróast áfram þegar það er prófað í reynd.

MoVE-iT
<http://www.europe-move-it.eu>

ECVET connexion
<http://www.ecvetconnexion.com>

ECVET reflector
<http://www.ecvet.net>

Þetta upplýsingablað er niðurstaða könnunar sem Evrópska Framkvæmdastjórnin, DG menntun og menning, samningur EAC 63, studdi. Könnunin "framkvæmd og þróun ECVET-kerfis fyrir fyrstu starfsmenntunina", líka kölluð "ECVET reflector" fór fram undir stjórn rannsóknarstofnunarinnar fyrir starfsmenntun (Forschungsinstitut Betriebliche Bildung f-bb) og stofnunar sambandslýðveldisins Þýskaland (Bundesinstitut für Berufsbildung BIBB), bæði eru í Þýskalandi.

Allar skoðanir sem koma fram í þessu upplýsingablaði eru þær sem höfundarnir hafa og endurspeglar ekki álit Evrópsku Framkvæmdastjórnarinnar. Evrópska Framkvæmdastjórnin ber ekki ábyrgð á því að sú gögn sem þetta upplýsingablað inniheldur séu rétt og ber enga ábyrgð á afleiðingum á notkun þess.

Öll réttindi áskilin.